

## PERMABOND A136

Permabond A136 er lím og þéttiefni fyrir lofffirrðar aðstæður, ætlað til að mynda þéttingar eða pakkningar milli vélhluta.

Efnið getur komið í stað venjulegra pakkninga af ýmsum gerðum. Bein snerting verður milli vélhluta eftir límingu, og því álagsdreifing mun betri.

Permabond A136 pressast ekki saman við herðingu og því þarf ekki af endurherða festibolta. Efnapól er mikið gagnvart fjölda vökva og gastegunda.

Límið þolir hitun (150°C) í skamman tíma, sé álag á límfleti hóflegt, og kælingu allt niður í -55°C.

Notið ekki í snertingu við gufu, öfluga oxara og skautuð leysiefni. Polir þvott með leysiefnum.

Geymsluhitastig: 5° til 25°C.

### Notkunarleiðbeiningar

- 1) Bestur árangur næst ef límfletir eru fituhreinsaðir og þurrir. Aseton eða ísóprópanól henta vel til hreinsunar. Mælt er með léttri slípun límflata.
- 2) Berið samfellda límrönd á annan flötinn .
- 3) Tryggið að óslitin rönd sé umhverfis öll göt og við kanta (boltagöt í flöngsum)
- 4) Líming er losuð með því að spenna fleti sundur.
- 5) Hreinsið eldra lím vandlega burt, fyrir endurlímingu og samsetningu.
- 5) Límda hluti má handleika eftir 30 mín.
- 6) Límið nær fullum styrk á sólarhring. Því má hraða með upphitun, eða Permabond Activator A905/ASC10. Þetta á sérstaklega við um málmyfirborð með oxíðhúð, svo sem sink, ál eða ryðfrítt stál.

### Merking



**VARÚÐ.** Veldur húðertingu. Veldur alvarlegri augnertingu. Getur valdið ertingu í öndunarfarum.

**BERIST EFNIÐ Í AUGU:** Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram. **BERIST EFNIÐ Á HÚÐ:** Þvoið með miklu vatni og sápu.

Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífir/andlitshlífir. Notið eingöngu utandyra eða í vel loftræstu rými.

**GEYMIST ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.**

**50 ml**

Dreifing:

Landvélar ehf  
Smiðjuvegi 66d  
200 Kópavogi  
Sími: 580 5800  
www.landvelar.is